Ályktun um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, fagnar því að Álftafjarðargöng og göng undir Mikladal og Hálfdán hafi verið sett í forgang í samgönguáætlun 2026–2040, sem Alþingi samþykkti 12. júní 2026.

Þingið skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að fylgja þeirri forgangsröðun eftir af festu og hraða undirbúningi verkefnanna eins og kostur er, þannig að unnt verði að hefja framkvæmdir við fyrsta tækifæri.

Jafnframt verði tryggð nauðsynleg fjármögnun til undirbúnings og framkvæmda og sett fram skýrt tímasett og fjármagnað ferli fyrir bæði verkefnin, með það að markmiði að framkvæmdir hefjist eigi síðar en árið 2030.

Þingið leggur áherslu á að með samþykktri forgangsröðun hafi Alþingi staðfest mikilvægi verkefnanna. Næsta skref sé því að tryggja að þau færist hratt frá undirbúningi til framkvæmda.

Þingið felur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum og kalla eftir tímasettri og fjármagnaðri framkvæmdaáætlun á árinu 2027.

Greinargerð

Öruggar heilsárssamgöngur eru grundvallarforsenda búsetu, atvinnulífs og aðgengis að þjónustu á Vestfjörðum. Með samþykkt samgönguáætlunar 2026–2040 hefur Alþingi sett Álftafjarðargöng og göng undir Mikladal og Hálfdán í forgang. Mikilvægt er að þeirri ákvörðun verði fylgt eftir með markvissum undirbúningi, fjármögnun og skýrri tímasetningu framkvæmda.

Súðavíkurhlíð hefur um áratugaskeið verið ein varasamasta samgönguleið Vestfjarða vegna snjóflóða og grjóthrunshættu. Leiðin tengir Súðavík og byggðir við Djúp við Ísafjörð og er mikilvæg fyrir atvinnusókn, heilbrigðisþjónustu og aðra grunnþjónustu. Álftafjarðargöng myndu fela í sér varanlega lausn á þessum samgönguvanda.

Á sunnanverðum Vestfjörðum liggja fjallvegirnir um Mikladal og Hálfdán milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals, sem frá árinu 2024 tilheyra einu sveitarfélagi, Vesturbyggð. Byggðakjarnarnir mynda eitt atvinnu- og þjónustusvæði þar sem íbúar sækja vinnu, skóla, heilbrigðisþjónustu og aðra þjónustu milli staða.

Samgöngur um Mikladal og Hálfdán eru sérstaklega erfiðar að vetrarlagi. Vegirnir liggja hátt, veður geta verið válynd og lokanir vegna ófærðar og veðurs hafa verið tíðar. Um leið fara um leiðina miklir atvinnuflutningar, meðal annars vegna umfangsmikillar fiskeldisstarfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Göng undir Mikladal og Hálfdán myndu því bæta verulega öryggi og áreiðanleika samgangna milli byggðakjarna Vesturbyggðar og styrkja svæðið sem eitt atvinnu-, þjónustu- og búsetusvæði.

Með samþykktri forgangsröðun hefur Alþingi þegar tekið afstöðu til mikilvægis þessara verkefna. Nú er brýnt að undirbúningi verði hraðað og að forgangsröðunin birtist í fjármögnun, tímasetningum og framkvæmdum.